

Svör framkvæmdaraðila við fyrirspurn SLS vegna Seiðaðis Eyjarlandi

Til : Þórdís Stella Erlingsdóttir <thordis.stella.erlingsdottir@skipulag.is>
Frá : Aron Geir Eggertsson <aron.geir.eggertsson@efla.is>
CC : Halla Kristjánsdóttir <halla.kristjansdottir@efla.is>; Birkir Tómasson <moeidarhvoll@gmail.com>; Egill Þórarinnsson - SLS <Egill.Thorarinsson@skipulag.is>
Heiti : Svör framkvæmdaraðila við fyrirspurn SLS vegna Seiðaðis Eyjarlandi
Málsnúmer : 202205026
Málsaðili : Veiðifélag Eystri-Rangár
Skráð dags : 14.09.2022 00:00:00
Höfundur : Aron Geir Eggertsson <aron.geir.eggertsson@efla.is>
Viðhengi [Eyjarland - greinargerð um umhverfisáhrif - nóv 2019.pdf](#)
[Apavatn - efnamæling - ágúst 2019.pdf](#)
[image002.jpg](#)
[image001.png](#)

Sæl Þórdís Stella,

Takk fyrir skjót viðbrögð.

Eins og segir í matsskyldufyrirspurn þá voru sýni tekin í ágúst 2019 úr innrennsli og útrennsli Apavatns (Grafarós og Hagaós). Tekin voru ósiuð sýni í sterilar plastflöskur af rennandi yfirborði. Farið var með flöskurnar samdægurs til Rannsóknafjónustunnar Sýni ehf, þar sem sýnin voru greind. Í viðauka má nálgast rannsóknaniðurstöður greiningar en þar má einnig sjá hvaða aðferð var notuð til að reikna styrk fosförs, COD og köfnunarefnis. Um stök sýni er að ræða en ekki ársmeðaltal.

Í greinargerð um umhverfisáhrif frá 2019 er auk þess vitnað í eldri rannsóknir sem framkvæmdar hafa verið í Apavatni en áður hafa verið framkvæmdar efnagreiningar byggðar á vatnsýnum sem tekin voru í kyrrum vatnsbolnum í miðju Apavatni (sjá umræðu kafla í meðfylgjandi greinargerð). Eldri rannsóknir sýndu að köfnunarefni var 0,138 mg/liter og fosfór 0,01 mg/liter. Þetta er um 10x minna innihald en mældist í straumvatni í Grafarósi og Hagaósi. Miðað við samanburð rannsókna og greiningu frá árinu 2019 þá er Apavatn fjarri því að teljast ofauðgæð.

Ég vona að þetta sé fullnægjandi svar. Endilega láttu mig vita ef eitthvað vantar upp á.

Bestu kveðjur

**ARON GEIR
EGGERTSSON**

Umhverfisfræðingur M.Sc.

Svör framkvæmdaraðila við fyrirspurn SLS vegna Seiðaeldis Eyjarlandi

Til : Egill Þórarinnsson - SLS; Þórdís Stella Erlingsdóttir
Frá : Aron Geir Eggertsson <aron.geir.eggertsson@efla.is>
CC : Halla Kristjánsdóttir; Birkir Tómasson; Skipulagsstofnun - SLS;
Heiti : Svör framkvæmdaraðila við fyrirspurn SLS vegna Seiðaeldis Eyjarlandi
Málsnúmer : 202205026
Málsaðili : Veidifélag Eystri-Rangár
Skráð dags : 13.09.2022 00:00:00
Höfundur : Aron Geir Eggertsson <aron.geir.eggertsson@efla.is>
Viðhengi [image002.jpg](#)
[image001.png](#)

Sæll Egill

Þakka þér fyrir erindið hér að neðan og afsakaðu sein svör.

Hér að neðan koma svör við athugasemdum þínum.

Varðandi vatnstöðkuna:

Framkvæmdaraðili hefur leyfi fyrir vatnstöku á um 106 l/s. Í fyrirspurninni segir að um stöðina renni um 106 l/s um stöðina miðað við 19,9 tonna framleiðslu en raunin er sú að framleiðslugeta stöðvarinnar er ekki nema um 13-14 tonn á ári eins og staðan er í dag. Því er stöðin ekki að nýta allt það vatnsmagn sem hún hefur leyfi fyrir, heldur einungis hlutfallslegt magn þess. Við áframhaldandi aukningu á lífmassa stöðvarinnar áætla framkvæmdaraðili að ekki sé þörf á meiri vatnstöku við 25 tonn heldur en þegar er leyfi fyrir.

Varðandi sýnatöku í Apavatni:

Framkvæmdaraðili telur óraunhæft að bera ábyrgð á vöktun á styrkleika lífrænna efna í Apavatni í ljósi þess að framburður næringarefna kemur frá fleiri stöðum í og við Apavatn, til dæmis nærliggjandi býlum og fristundarbyggð. Ekki þætti óeðlilegt að leyfisveitendur krefjist einhverra mælinga/upplýsinga á grunnástandi viðtaka en það mun vera á höndum leyfisveitenda og framkvæmdaraðila þegar sótt verður um starfsleyfi fyrir stækkun stöðvarinnar. Að öðru leiti telur framkvæmdaraðili eðlilegt að settar séu kröfur varðandi losun, frágang útrennslis og efnislosun í fráveitu stöðvarinnar og kvaðir um mælingar á fráveitunni sjálfri.

Í núverandi starfsleyfi umhverfisstofnunar segir meðal annars:

Rekstaradili skal tryggja viðunandi hreinsun frárennslisvatns með setþróum/tjörnum eða öðrum sambærilegum eða betri búnaði. Setþrær/tjarnir skulu losaðar bendi mælingar til að efnainnihald frárennslis sé yfir mörkum í starfsleyfi eða að kröfu eftirlitsaðila. Sýni mælingar að styrkur efna fari yfir mörk í frárennslisvatni skal rekstraradili gera Umhverfisstofnun viðvart og tryggja viðunandi hreinsun frárennslisvatns áður en því er veitt í viðtakann. Umhverfisstofnun getur kallað eftir mælingum samkvæmt gr. 2.6 ef eftirlit gefur til kynna að hreinsun frárennslis sé ábótavant. Vakta skal fosfór og köfnunarefni í vatni við inntak í stöðina og við útrás frárennslis frá stöðinni, sbr. gr. 4.3. Ef magn næringarefna verður til þess að hafa áhrif á vatnshlotið, t.a.m. þannig að það falli um flokk sbr. gr. 3.6, þá er Umhverfisstofnun heimilt að gera kröfu um frekari hreinsun á frárennslisvatni án þess að starfsleyfinu sé breytt.

Framkvæmdaraðili telur að eðlilegt sé að slíkar kröfur séu settar við útgáfu starfsleyfis vegna stækkunar stöðvarinnar.

Í starfsleyfi Umhverfisstofnunar koma auk þess fram viðmið, skv. reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólp, þar sem gildi eru gefin varðandi hitastigsbreytingar af völdum frárennslis, súrefnismettun, sýrustig, styrkur ammóníaks, súrefnisnotkun og hámarksaukningu svifagna. Framkvæmdaraðili gerir ráð fyrir að sambærileg gildi séu til viðmiðunar við útgáfu á nýju starfsleyfi og verður því fylgt eftir að efnalosun í viðtaka muni ekki fara fram yfir þau viðmið sem gefin verða.

Ég bið þig um að staðfesta móttöku erindisins og að láta okkur vita ef stofnunin telji enn vanta gögn til þess að hægt sé að gefa út ákvörðun um matsskyldu framkvæmdarinnar.

Bestu kveðjur

Umsagnir og svör framkvæmdaraðila vegna matsskyldufyrirspurnar vegna stækkunar seiðaeldisstöðvar Veiðifélags Eystri-Rangár í Eyjarlandi.

Nr.	Athugasemd	Svar framkvæmdaraðila
1	Matvælastofnun, dags. 15.6.2022	
1.1	„Matvælastofnun gefur út rekstrarleyfi í samræmi við lög nr. 71/2008 um fiskeldi og reglugerð nr. 540/2020 um fiskeldi auk þess sem stofnunin hefur eftirlit með fisksjúkdómum og forvörnum gegn þeim, í samræmi við gildandi lög og reglugerðir.“	Framkvæmdaraðili þakka fyrir ábendingar Matvælastofnunar og telur ekki þörf á frekari svörum við umsögninni.
1.2	„Í kafla 2.3.6 um meðhöndlun úrgangs kemur fram að áætlað sé að setja upp meltutank við seiðaeldisstöðina og nýta meltu til uppgræðslu og landgræðslu. Matvælastofnun upplýsir hér með að sækja þarf um skráningu á vinnslu og/eða geymslu á aukaafurðum dýra (umsókn 1.07) og skráningu áburðarfyrirtækis (umsókn 1.06) í þjónustugátt Matvælastofnunar á www.mast.is “	
1.3	„Matvælastofnun telur að gerð sé ágætlega grein fyrir fiskheldni stöðvarinnar. Í reglugerð nr. 540/2020 um fiskeldi kemur fram að í rekstrarleyfi fiskeldisstöðva á landi skuli kveðið á um að gildistaka þess sé háð því skilyrði að stöð sé útbúin búnaði sem kemur í veg fyrir að fiskur sleppi úr eldiskari og búnaði staðsettum í frárennsli stöðvar sem fangar fisk sem sleppur. Matvælastofnun gerir ekki athugasemdir er varða fisksjúkdóma og forvarnir gegn þeim. Stofnunin telur ekki ástæðu til þess að farið verði fram á umhverfismat m.t.t. útgáfu rekstrarleyfis, rekstrarleyfisskilyrða eða sjúkdómavarna.“	
2	Umhverfisstofnun, dags 29.6.22	
2.1	„ Umhverfisáhrif framkvæmdar Í tilkynningarskýrslu er fjallað um áhrif framkvæmdarinnar á eftirfarandi þætti: viðtaka, gróðurfar, hverfisvernd og jarðminjar, fuglalíf, fornminjar og ásýnd. Rekstraraðili telur að áhrif stækkunar á ofangreinda umhverfisþætti verði óveruleg. Umhverfisstofnun gerir eftirfarandi athugasemdir við skýrsluna“	Framkvæmdaraðili telur ekki þörf á svörum við þessum hluta umsagnarinnar.

<p>2.2</p>	<p>„Skipulag <i>Í tilkynningarskýrslu kemur fram að í aðalskipulagi Bláskógabyggðar 2015-2027 segir að svæðið skuli deiliskipulagt áður en gefin verður heimild til stækkunar og þar skuli gera grein fyrir vatnstöku, úrgangsmálum, fráveitu og umhverfisáhrifum þeirra þátta. Umhverfisstofnun bendir á að skv. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir skal allur atvinnurekstur sem sótt er um starfsleyfi fyrir vera í samræmi við skipulag. Stofnunin getur því aðeins gefið út starfsleyfi fyrir starfsemi sem samræmist skipulagi. Umhverfisstofnun bendir á að sú deiliskipulagstillaga sem er nú í kynningu gerir aðeins ráð fyrir 20 tonna hámarkslífmassa.“</i></p>	<p>Ákvörðun um stækkun eldisstöðvarinnar var tekin eftir að deiliskipulagstillaga fór í formlegt kynningarferli. Nýtt deiliskipulag er nú í kynningu fyrir eldisstöðina en deiliskipulagið tekur mið af stækkun stöðvarinnar, þ.e. fjölda kerja, stækkun húsa og 25 tonna hámarkslífmassa. Því verða öll gögn sem notuð verða til grundvallar við leyfisumsóknir í samræmi við ákvæði aðalskipulags.</p>
<p>2.3</p>	<p>„Fráveita <i>Umhverfisstofnun bendir á að í starfsleyfi verður gerð krafa um fullnægjandi hreinsun frárennslis og verða losunarmörk miðuð við árlega lífmassaaukningu í stöðinni. Ef eftirlit með starfseminni bendir til þess að hreinsun frárennslis sé ábótavant getur stofnunin farið fram á að breytingar séu gerðar á henni sem og fyrirkomulagi umhverfisvöktunar. Í skýrslunni kemur fram að frárennslifari í gegnum tvær settjarnir. Umhverfisstofnun vill benda á að í eftirliti stofnunarinnar hefur komið fram að í fyrri settjörninni er fiskur, þ.e. bleikja og regnbogi, sem ætlað er að éta upp þær fódurleifar sem falla til úr stöðinni.1 Því er ekki um eiginlega settjörn að ræða heldur má telja fyrri settjörnina sem eldisrými og magn þess fisks sem þar er telst inn í lífmassa stöðvarinnar“</i></p>	<p>Framkvæmdaraðili þakkar fyrir ábendingar UST og verður tekið mið af ábendingum stofnunarinnar við leyfisumsóknir.</p> <p>Við leyfisumsókn verður tekið mið af þeim fiski sem er í settjörn.</p>
<p>2.4</p>	<p>„Úrgangur <i>Í skýrslunni segir að áætlað sé að setja upp meltutank og nýta meltu til uppgræðslu á landi. Einnig segir að lífrænn úrgangur úr botni setþróa verði nýttur til landgræðslu. Umhverfisstofnun telur alla endurnýtingu úrgangs jákvæða og telur mikinn umhverfisávinning felast í því að minnka magn lífræns efnis í urðun og vísar í nýja stefnu stjórnvalda, sem nefnist í átt að hringrásarhagkerfi, þar sem stefnt er að því að hætta alfarið urðun lífbrjótanlegs úrgangs. Stofnunin hefur unnið</i></p>	<p>Framkvæmdaraðili þakkar fyrir ábendingar Umhverfisstofnunar og telur ekki þörf á frekari svörum við þessum hluta umsagnarinnar.</p>

	<i>leiðbeiningar2 til aðila í fiskeldi á landi um endurnýtingarmöguleika fastefna úr frárennsli.“</i>	
2.5	<p>„Vatn <i>Umhverfisstofnun bendir á að fyrsta vatnaáætlun Íslands var staðfest í apríl 2022 á grunni laga nr. 36/2011 um stjórn vatnamála. Markmið laganna er að vernda allt vatn (yfirborðsvatn og grunnvatn) og vistkerfi þess, hindra frekari rýrnun vatnsgæða og bæta ástand vatnavistkerfa til þess að vatn njóti heildstæðrar verndar. Jafnframt er lögunum ætlað að stuðla að sjálfbærri nýtingu vatns sem og langtímavernd vatnsauðlindarinnar. Öll vatnshlot eiga að ná umhverfismarkmiðum sínum og ástand þeirra má ekki rýrna. Gerist slíkt þarf að setja fram aðgerðir til að draga úr álagi á vatnshlotið með það að markmiði að bæta ástandið.“</i></p>	Framkvæmdaraðili telur ekki þörf á svörum við þessum hluta umsagnarinnar.
2.5	<p>„Niðurstaða <i>Með tilliti til umfangs og eðlis framkvæmdar, að því gefnu að starfsemin muni uppfylla þau skilyrði sem sett verða í breyttu starfsleyfi og sé byggð á bestu aðgengilegu tækni telur Umhverfisstofnun ekki líklegt að hún hafi í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og sé því ekki háð mati á umhverfisáhrifum“</i></p>	Framkvæmdaraðili þakkar fyrir ábendingar Umhverfisstofnunar og telur ekki þörf á frekari svörum við umsögn stofnunarinnar.
3	Bláskógabyggð, dags 23.6.22	
3.1	<p><i>„Erindi Skipulagsstofnunar, dags. 30. maí 2022, varðandi beiðni um umsögn vegna tilkynningar Veiðifélags Eystri - Rangár, um stækkun seiðaeldisstöðvar skv. 19. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021. Óskað er eftir umsögn Bláskógabyggðar um ofangreinda framkvæmd. Erindi Skipulagsstofnunar var lagt fram. Sveitarstjórn telur að nægilega sé gerð grein fyrir framkvæmdinni, umhverfi hennar, umhverfisáhrifum, mótvægisáðgerðum og vöktun. Það er mat sveitarstjórnar að framkvæmdin þurfi ekki að fara í umhverfismat. Framkvæmdin er háð byggingarleyfi, sem gefið er út af byggingarfulltrúa. Sveitarstjórn óskar eftir að vöktunaráætlun liggja fyrir sem fyrst og að sveitarstjórn fái hana til umsagnar.“</i></p>	Framkvæmdaraðili þakka fyrir ábendingar Bláskógabyggðar og telur ekki þörf á frekari svörum við umsögninni.

4	Náttúrufræðistofnun Íslands, dags. 29.6.22	
4.1	<p>„Stefnt er að stækkun framleiðslunnar úr um 13–14 tonna hámarkslífmassa á ári í allt að 25 tonn en stöðin hefur heimild fyrir framleiðslu á 19,9 tonnum. Að mati Náttúrufræðistofnunar er fyrirkomulag fráveitu veigamesti þátturinn sem ber að meta.“</p>	<p>Eins og fram kemur í fjórða kafla tilkynningar þá telur framkvæmdaraðili að aukinn styrkur næringarefna í fráveitu sé sá umhverfispáttur sem líklegastur sé til þess að hafa neikvæð áhrif við stækkun eldisstöðvarinnar. Jafnframt bendir framkvæmdaraðili á að hlutfallsleg aukning niturs og fosfórs verði einungis um 0,1% á ársgrundvelli miðað við 20 tonna framleiðslu.</p>
4.2	<p>„Afrennsli frá seiðaeldisstöðinni berst í dag í Apavatn sem er lífríkt vatn og hefur Náttúrufræðistofnun tilnefnt það fyrir B-hluta náttúruminjasráð vegna verndargildis vatnsins fyrir fuglalíf og ferskvatnslífriki. Á svæðinu er að finna lítt snortnar heitar uppsprettur og jarðhitalæki ásamt því að svæðið er ríkt af lindavatni. Þetta veldur því að gróður er ríkulegur og fjölbreyttur og finnast þar tegundir sem eru bundnar við jarðhita, þ.e. vatnsögn, flóajurt og vatnsnafli sem allar eru á válista Náttúrufræðistofnunar. Á svæðinu má finna alþjóðlega mikilvæg vetrarsvæði fyrir húsendur og gulendur og einnig er mikið af öndum á svæðinu á fartíma, þar á meðal duggönd, skúfönd, toppönd og straumönd. Svæðið er einnig mikilvægt á varptíma en þar verpa mikið af vatna- og vaðfuglum og ýmsar tegundir finnast á svæðinu sem eru flokkaðar á válista Náttúrufræðistofnunar. Svæðið er að þessum sökum skilgreint sem mikilvægt fuglasvæði (e. Important Bird Areas).“</p>	<p>Þá kemur einnig fram að í núverandi starfsleyfi stöðvarinnar, sem gildir fyrir tæplega 20 tonna ársframleiðslu, sé tekið fram að losun fosfórs í viðtaka megi ekki fara fram úr 7 kg/tonn af lífmassa á ári og 60 kg/tonn köfnunarefnis af lífmassaukningu á ári. Styrkur næringarefna hefur ekki farið yfir þau viðmið til þessa.</p> <p>Framkvæmdaraðili telur að þörf sé á því að skilvirk vöktunaráætlun verði sett fram, í samráði við leyfisveitendur. Framkvæmdaraðili telur að með vöktunaráætluninni sé mikilvægt að fylgja viðurkenndum aðferðafræðum og uppfylla skilyrði við sýnatöku og rannsóknir. Eins og segir í tilkynningunni þá er framleiðslugeta eldisstöðvarinnar um 13-14 tonn á ári eins og staðan er í dag og sér framkvæmdaraðili ekki fyrir sér að framleiðsluaukning muni hækka hratt á stuttum tíma heldur muni stöðin vaxa jafnt og þétt. Ekki hefur enn verið ákveðið hvort eða hvenær stöðin muni anna 25 tonna framleiðslu á ári. Að því sögðu telur framkvæmdaraðili að með skilvirkri vöktun sé hægt að fylgjast vel með árstíðabundnum breytileika á styrkleika lífrænna efna í viðtaka samhliða aukinni framleiðslu. Jafnframt telur framkvæmdaraðili mikilvægt að viðunnandi viðmiðunarmörk séu sett fram í vöktunaráætlun og að gripið sé til ferla og mótvægisáðgerða ef þörf er á.</p>
4.3	<p>Samkvæmt matsskyldufyrirspurn verður afrennsli seiðaeldisstöðvar með sama hætti og það er í dag, í gegnum tvær setþær og síðan sem leið liggur 3,4 km leið í Apavatn í opnum skurðum og lækjum. Þrátt fyrir að Apavatn (vatnshlotanúmer: 103-22500-L) sé ekki talið undir álagi í dag og vistfræðilegt ástand þess talið gott hefur ekki farið fram úttekt á vistkerfi/lífriki vatnsins síðan (í ágúst) 1993 (vatnaverkefnið) (ágúst 2005 Euro-limpacs) og er núverandi ástand vatnsins því ekki þekkt á fullnægjandi hátt. Nálægð við þéttbýli, landbúnað og annan iðnað getur valdið álagi á svæðinu þó að það sé ekki skilgreint sem slíkt undir stjórn vatnamála. Sérstaklega þarf þá að horfa til næringarefnaálags á Apavatn, sem er um 14 km² og meðaldýpi aðeins</p>	<p>Vöktunaráætlun og viðbragðsáætlun verður unnin, í samráði við leyfisveitendur þegar sótt verður um leyfir fyrir stækkun stöðvarinnar.</p>

	<p>1,5 m, vegna frárennslis í vatnið, bæði frá þéttbýli og iðnaði. Straumvötnin Djúpin og Grafará sem afrennslið rennur í er af vatnagerðinni RL3 (þ.e. straumvatn á láglandi með ríkjandi votlendisáhrifum) og Apavatn er af vatnagerð LL2 (þ.e. grunnt stöðuvatn á láglandi og á yngri berggrunni) . Styrkur næringarefna í vatni hér á landi er háður uppruna vatnsins, m.a. vegna ólíkra jarðfræðilegra eiginleika, jarðvegs, gróðurfars og viðstöðutíma vatnsins á leið um vatnasviðið. Framboð næringarefna er því einn af lykilþáttunum í mótun vistkerfisins á hverjum stað. Ekki er hægt að bera mæld gildi niturs og fosfórs saman við útgefin viðmiðunargildi fyrir næringarefni sem gefin eru út af stjórn vatnamála þar sem ekki kemur fram í matsskyldufyrirspurninni hvort um síuð eða ósíuð sýni er að ræða og hvort um stök sýni eða ársmeðaltal sé að ræða. Þess vegna er ómögulegt að leggja mat á hvort magn næringarefna standist þau viðmiðunargildi sem sett eru fyrir LL2 og RL3. Vert er að benda á að þegar nitur og fosfór mælingar voru framkvæmdar í Apavatn 1993 úr ósíuðum sýnum og áður en stöðin hóf starfsemi voru mæld um 10-fallt lægri næringarefnagildi en mældust í rannsókn vegna matsskyldufyrirspurnar. Hið mikla dýralíf og fjölbreytta gróðurfar á svæðinu byggir á því að vatnavistkerfin sem viðhalda svæðinu séu heilbrigð og þar skiptir miklu máli að næringarefnamagn í vatni sé innan þeirra marka sem stjórn vatnamála skilgreinir sem gott vistfræðilegt ástand.“</p>	<p>Framkvæmdaraðili vísar þá einnig í umsögn Umhverfisstofnunar, lið 2.3, en þar kemur meðal annars fram að í starfsleyfi verði gerð krafa um fullnægjandi hreinsun og ef eftirlit með starfsemi bendi til þess að hreinsun frá frárennsli sé ábótavant geti stofnunin farið frá að breytingar séu gerðar á henni.</p>
4.4	<p>„Náttúrufræðistofnun álitur að Apavatn og nágrenni þess sé einstaklega lífríkt og fjölbreytt svæði sem mikilvægt sé að standa vörð um og að koma í veg fyrir að álag á svæðið aukist ef hjá því verður komist. Því er mikilvægt að allri röskun vegna framkvæmda og mengun frá frárennsli verði haldið í algjöru lágmarki ásamt því að betri rannsóknir verði á styrk næringarefna í Apavatni, Djúpunum og Grafará. Þannig er þörf á því að gera mælingar sem sýna fram á árstíðabundnar breytingar í næringarefnagildum með endurteknum mælingum til þess að hægt sé að leggja mat á áhrif aukins álags á vatnakerfið með stækkun seiðaeldisins um</p>	

	<p>25%. Mikilvægt er að magn næringarefna sé vel vakt að með viðurkenndri aðferðafræði í samræmið við staðalinn ÍST-EN-ISO5667-3 og sýnin þurfa að vera efnagreind á vottuðum rannsóknastofum og að viðunandi greiningarmörk séu notuð. Ferlar verða að vera til staðar þurfi að fara í mótvægisáðgerðir ef viðmiðunarmörkum stjórnar vatnamála er ekki mætt þar sem samkvæmt lögum um stjórn vatnamála nr. 36/2011 má vistfræðilegt ástand vatns ekki hnigna.“</p>	
4.5	<p>„Náttúrufræðistofnun Íslands leggur til að framkvæmdin á stækkun stöðvarinnar fari í umhverfismat til þess að hægt verði að leggja fullnægjandi mat á það hve mikið næringarefnaálag er nú þegar á vatnavistkerfum svæðisins og hve mikið það muni breytast í kjölfar stækkunar.“</p>	
5	Heilbrigðiseftirlit Suðurlands, dags. 30.6.22	
5.1	<p>„Heilbrigðiseftirlit Suðurlands hefur farið yfir ofangreinda tilkynningu fyrir téða framkvæmd og gerir engar athugasemdir. Embættið telur að tilkynningin geri nægjanlega grein fyrir eðli, umfangi og umhverfi framkvæmdarinnar, sem og mótvægisáðgerðum og vöktun. Embættið telur að varanleg umhverfisáhrif framkvæmdarinnar önnur en sjónræn og staðbundin í næsta nágrenni hennar séu hverfandi/óveruleg og mögulegt að milda þau með góðri umgengni á framkvæmdartíma og vönduðum frágangi umhverfis og mannvirkja að framkvæmdum loknum. Embættið metur málið því sem svo að framkvæmdin skuli ekki háð mati á umhverfisáhrifum“</p>	<p>Framkvæmdaraðili þakkar fyrir athugasemdir Heilbrigðiseftirlits Suðurlands og telur umsögnina ekki krefjast frekari viðbragða.</p>
5.2	<p>„Umhverfisstofnun veitir fiskeldisstöðvum starfsleyfi og hefur eftirlit skv. lögum nr. 711998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit. Einnig veitir Matvælastofnun slíkri starfsemi rekstrarleyfi á grundvelli laga nr. 7112008 um fiskeldi og hefur eftirlit skv. þeim lögum“</p>	
6	Orkustofnun, dags. 5.7.22	

6.1	<p>„Samkvæmt 6. gr. laga um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu, nr. 57/1998 (auðlindalög), er nýting auðlinda úr jörðu háð leyfi Orkustofnunar. Með auðlindum er í lögunum átt við hvers konar frumefni, efnasambönd og orku sem vinna má úr jörðu, hvort heldur í föstu, fljótandi eða loftkenndu formi og án tillits til hitastigs sem þau kunna að finnast við. Grunnvatn er skv. auðlindalögum skilgreint sem vatn neðan jarðar í samfelldu lagi, kyrrstætt eða rennandi, og fyllir að jafnaði allt samtengt holrúm í viðkomandi jarðlagi. Nýting grunnvatns, hvort sem það er ferskt eða salt, kalt eða heitt er því háð framangreindu leyfi Orkustofnunar. Um nýtingu vatns úr lindum getur og farið samkvæmt ákvæðum vatnalaga, nr. 15/1923, sbr. III. kafla laganna.“</p>	<p>Framkvæmdaraðili þakkar fyrir umsögn Orkustofnunar. Umsögnin krefst ekki frekari svara af hálfu framkvæmdaraðila.</p>
6.2	<p>„Tilgreind lagaákvæði afmarka stjórnsýslulega aðkomu Orkustofnunar að umræddri framkvæmd og lýtur því eftirfarandi umsögn stofnunarinnar einungis að öflun og nýtingu vatns vegna stækkunarinnar.“</p>	
6.3	<p>„Fram kemur í umhverfismatsskýrslu að fiskeldisstöðin hafi verið byggð á árunum 1983-1986 en að núverandi rekstraraðili hafi tekið við rekstri stöðvarinnar árið 2016. Stöðin hafi fengið útgefið rekstrarleyfi fyrir 19,9 tonna hámarkslífmassa árið 2021 en nú séu áform um aukna framleiðslugetu upp í allt að 25 tonna hámarkslífmassa.“</p>	
6.4	<p>„Þá er því lýst að vatni fyrir eldið sé aflagð með niðurgrafinni vatnslögn úr lindum ofan Laugarvatnsveggar og hafi svo verið frá því milli 1980 og 1990. Um þessa veitu renni um 100 l/s af köldu lindarvatni.“</p>	
6.5	<p>„Í ljósi framangreindra upplýsinga gerir Orkustofnun ekki athugasemdir við framlagða tilkynningu Veiðifélags Eystri-Rangár. Stofnunin tekur fram að hún tekur ekki afstöðu til þess hvort umrædd framkvæmd skuli háð umhverfismati. Orkustofnun bendir á að umsögn þessi, sem stofnunin veitir Skipulagsstofnun, er af því tagi að ekki felist í henni vanhæfi</p>	

	<i>stofnunarinnar til að taka afstöðu til umsókna vegna leyfisveitinga stofnunarinnar á síðari stigum, ef til kemur“</i>	
7	<i>Hafrannsóknastofnun, dags. 16.7.22</i>	
7.1	<i>„Eldisstöðin er hefur afrennsli í Grafará sem fellur í Apavatn en úr því fellur vatn um Hagaós til Brúarár sem svo fellur í Hvítá og um ós Ölfusár við Óseyrarnes. Til stendur að ala í eldisstöðinni laxaseiði til hafbeitar einkum í Eystri-Rangá en einnig t.d. í Tungufljóti. Á vatnakerfi Ölfusár-Hvítár eru stofnar laxa, urriða og bleikju auk hornsíla og áls. Bleikja og urriði eru bæði staðbundin t.d. í Apavatni en einnig eru sjógengnir stofnar þessara tegunda. Á vatnakerfinu er starfrækt veiðifélag, veiðifélag Árnesinga, sem er félagsskapur veiðiréttarhafa og er skylduaðild að honum. Á vatnakerfinu er umtalsverða og verðmæt veiðinýting villtra stofna laxfiska.“</i>	Framkvæmdaraðili þakkar fyrir ábendingar Hafrannsóknarstofnunar og telur þennan hluta umsagnarinnar ekki krefjast svara af sinni hálfu.
7.2	<i>„Þekkt er að mikil aðgreining stofna er á milli vatnakerfa og að hver á hafi sinn stofn. Lögum samkvæmt er óheimilt að flytja stofna á milli vatnasvæða. Þar sem seiði af stofnum utan vatnasvæðis Ölfusár Hvítár eru alin að Eyjarlandi er afar mikilvægt að tryggj sé að fiskar sleppi ekki þaðan. Í matsskyldufyrirspurn eru myndir af frárennsli stöðvarinnar og þeim vörnum sem eiga að hindra að fiskar sleppi út í umhverfið. Það er mat Hafrannsóknastofnunar að um ófullnægjandi búnað sé að ræða og að gera þurfi kröfur á að settar verði tromlusíur á frárennslið.“</i>	<p>Eins og fram kemur í matsskyldufyrirspurninni þá er núverandi eldisstöð útbúin tvöföldu ristarkerfi við hvert ker auk þess sem ristar eru við settjarnir til að koma í veg fyrir slysasleppingar. Þegar framkvæmdaraðili sótti um núverandi rekstrarleyfi var þess vel gætt að draga sem mest úr hættu á slysasleppingum stöðvarinnar auk þess sem gerð var viðbragðsáætlun ef til slysasleppinga kæmi. Við útgáfu núverandi starfsleyfa var ekki gerð athugasemd við tilhögun sleppivarna stöðvarinnar.</p> <p>Núverandi sleppivarnir hafa reynst vel til þessa og hefur framkvæmdaraðili ekki orðið var við slysasleppingar til þessa. Ker sem framkvæmdaraðili hyggst byggja við stækkun stöðvarinnar verða byggð sömu sleppivörnum og telur framkvæmdaraðili að ekki verði aukin hætta á slysasleppinga með auknum lífmassa stöðvarinnar.</p> <p>M.t.t. til ofanritaðs er það mat framkvæmdaraðila að núverandi sleppivarnir teljist fullnægjandi og ekki sé þörf á tromlusíum við frárennsli stöðvarinnar.</p>

7.3	<p>„Ljóst er að aukinni framleiðslu fylgir aukin ákoma áburðarefna sem getur haft áhrif á vatnsgæði og lífríki. Í matsskyldufyrirspurn er fjallað um aukningu í ákomu næringarefna og vísað í mælingar á efnum sem gerðar hafa verið í innstreymi í Apavatn um Grafarós og útfalli um Hagaós. Hafrannsóknastofnun bendir á að greiningar á N og P eru ótrúverðugar (tafla 2.2 í matsskyldufyrirspurninni) þar sem mælingarnar eru í margfalt hærri styrk en áður hefur verið mælt í vötnum á Íslandi (að minnsta kosti 10 sinnum hærri). Ef rétt reynist að styrkur N sé 1,3 mg/l í innstreymi Apavatns þá eru Grafarós, Apavatn og Hagaós líklega menguð af lífrænum efnum og falla þessi vötn þá í umhverfisflokk III skv. reglugerð um varnir gegn mengun vatns nr. 796/1999 (næringarefnaframt vatn). Það þyrfti að kanna með ítarlegri rannsókn á næringarefnum er hér hefur verið gert. Það er allavega ljóst að nauðsynlegt er að taka fleiri sýni úr vatninu til að staðfesta þessa niðurstöðu og ef hún reynist rétt þá þyrfti að grípa til aðgerða til að koma í veg fyrir frekari mengun.“</p>	<p>Framkvæmdaraðili vísar í svör við umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands (svarliður 4) varðandi þennan hluta umsagnarinnar.</p>
7.4	<p>„Hafrannsóknastofnun telur að sú stækkun sem um ræðir kalli ekki á sérstakt umhverfismat fyrir framkvæmdina. Stofnunin telur að við tilhögun framkvæmdarinnar verði gerða þær kröfur um úrbætur á frárennsli að komið verði fyrir tromlusíu á frárennsli sem tryggir að lifandi fiskar frá stöðinni berist ekki út í vatnakerfið. Það verði gert í því skyni að koma í veg fyrir umtalsverð umhverfisáhrif. Jafnframt að við mælingar á N og P í frárennsli séu gerðar með þeirri nákvæmni sem til þarf til að greina hvort starfsemin hafi í för með sér aukningu á næringarefnum í viðtaka sem getur valdið hnignun vatnsgæða. Mikilvægt að stækkun eldisstöðvarinnar valdi ekki það miklu álagi á viðtakann að ástandi hans hraki samkvæmt þeirri flokkun sem notuð er skv. lögum um stjórn vatnamála (nr. 36/2011). Hafrannsóknastofnun er rannsóknastofnun og hefur ekki með leyfisveitingar til framkvæmda að gera.“</p>	<p>Framkvæmdaraðili þakkar fyrir ábendingar og athugasemdir Hafrannsóknarstofnunar og vísar jafnframt í ofangreind svör við athugasemdum í þessum hluta umsagnarinnar.</p>